

Priðjudaginn 22. október 1974.

Nr. 64/1974: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Einari Sveinssyni

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsmanna 30. júlí 1973 svo og á mælingum ákærða, er hann kveðst hafa gert, þegar vörpu bátsins var kastað og aftur þegar varðskipið kom að honum. Eftir mælingum þessum markaði skólastjórinn á sjóupprátt staði varðskipsins og m/b Gróttu, AK 101. Í álitsgerð hans, dags. 24. september 1974, segir svo:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 31 staðarákvarðanir varðskipsins Alberts, eins og um getur í hæstaréttarmálinu nr. 64/1974: Ákærvaldið gegn Guðmundi Einari Sveinssyni, skipstjóra á m/b Gróttu, AK-101.

Þess skal getið, að sjókort nr. 40 í mælikvarða 1:250000, sem varðskipsmenn hafa sett staðarákvarðanir sínar út í, er ekki lengur gefið út og því ófáanlegt. Í stað þess hef ég sett staðarákvarðanirnar út í sjókort nr. 31 í mælikvarða 1:300000.

Í sjókortið hef ég dregið fiskveiðimörkin fyrir það svæði, er varðar mál þetta, úr punkti 6 sjóm. í rv. vestur frá Garðskagavita í Malarrifsvita.

Í kortinu eru:

A = staður varðskipsins kl. 1828 h. 30/7 '73. Þá mælist bát-

urinn á stað a um 2,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður varðskipsins kl. 1834. Þá mælist báturinn á stað b um 2,2 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

C = staður varðskipsins kl. 1852 við bátinn. Staður C mælist um 2,0 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

D = staður varðskipsins kl. 1913. Þá mælist báturinn á stað d um 1,6 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Við athuganir sérfróðra manna á fjarlægðarmælihæfni ratsjár v/s Alberts í Reykjavíkurböfn h. 1/8 '73 kom í ljós, að fjarlægðir mældar með ratsjóni reyndust allt að 2% stærri en samsvarandi fjarlægðir í sjókorti. Sé reiknað með $\div 2\%$ fjarlægðaskekkju, færast allir staðir varðskipsins og bátsins innar miðað við fiskveiðimörkin, mest 0,4 sjóm. innar (staður C við bátinn), minnst um 0,1 sjóm. innar við fyrstu mælingu (staður a).

Athuganir sömu manna á gyro-áttavita varðskipsins leiddu í ljós, að miðunarskekkja gæti verið frá 0 allt að $\div 2\%$. Þar sem mínus skekkja er bátnum í óhag, hef ég ekki reiknað með neinni skekkju í miðunum.

Að því er snertir mælistaðinn, sem varðskipið notaði til staðarákvarðana, þ. e. Stapafell og Lýsuhyrnu, skal þess getið, að þar er ekki um greinilega afmarkaða punkta að ræða, og matsatriði er, hvaðan frá viðkomandi fjalli á að setja út fjarlægðirnar í sjókortið. Þá eru hornin milli mælistaðanna og um leið milli staðarlínanna fremur lítil, milli 30 og 40°. Má því gera ráð fyrir einhverri ónákvæmni í staðsetningunum af þessum sökum. Ekki er þó ástæða til að ætla, að sú ónákvæmni sé það mikil, að hún hafi úrslitaáhrif miðað við þær fjarlægðir bátsins frá fiskveiðimörkunum, sem mælingarnar sýna.

Í sama sjókort hef ég sett út staðarákvörðun skipstjóra bátsins, er hann kveðst hafa gert, þegar hann kastaði og aftur þegar varðskipið kom að honum. Fyrri staðurinn X mælist um 1,3 sjóm. utan fiskveiðimarkanna. Síðari staðurinn Y mælist um 0,2 sjóm. innan fiskveiðimarkanna. Athuganir á ratsjá m/b Gróttu í Reykjavíkurböfn h. 1/8 '73 sýndu fjar-

lægðarmæliskekkju allt að + 3%. Sé reiknað með þessari skekkju, færirst staður X um 1,4 sjóm. og staður Y um 1,8 sjóm. utar miðað við fiskveiðimörkin.“

Samkvæmt gögnum málsins, mælingum varðskipsmanna og álitsgerð Jónasar Sigurðssonar skólustjóra, er sannað, að ákærði hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum á m/b Gróttu, AK 101, innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem í máli þessu greinir. Varðar brot ákærða við þau lagaákvæði, er í ákæru getur, sbr. nú 2. mgr. 1. gr. laga nr. 102/1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 21. október 1974, segir svo:

„Gullgengi krónunnar var síðast ákveðið 30. apríl 1973, og jafngiltu þá 100 gullkrónur kr. 5.089.50 — fimmþúsundáttatíuogníu 50/100—. Hefur engin breyting orðið á því síðan.“

Refsing ákærða, sem ákveða ber samkvæmt lagaboðum þeim, er í héraðsdómi getur, sbr. 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir hæfilega ákveðin kr. 60.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra m/b Gróttu, AK 101, sbr. nú 3. mgr. 11. gr. laga nr. 102/1973, svo og málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 20.000.00.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðmundur Einar Sveinsson, greiði kr. 60.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra m/b Gróttu, AK 101, eiga að vera óröskuð svo og málskostnaðarákvæði hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. ágúst 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 2. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómarara sem dómsformanni og skipstjórunum Guðna Jónssyni og Lofti Júlíussyni sem meðdómsmönnum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 369/1973: Ákærvaldið gegn Guðmundi Einari Sveinssyni, sem tekið var til dóms í dag.

Málið er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dags. í gær, gegn Guðmundi Einari Sveinssyni, Höfðabraut 14 á Akranesi, fæddum 17. janúar 1928 í Kringlu í Torfalækjarhreppi í Austur-Húnavatns-sýslu, skipstjóra á vélbátnum Gróttu, AK 101, „fyrir að hafa gerst sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum og 1. mgr. 1. gr., sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum bát mánudagskvöldið 30. júlí 1973 í Faxaflóa á svæði, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1971, sbr. að því er öll framangreind lagaákvæði varðar lög nr. 89/1971, lög nr. 101/1972 og nú bráðabirgðalög nr. 74 26. júní 1973.

Ákæríst því nefndur Guðmundur Einar til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og 7. gr., nú 1. mgr. 5. gr. og 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. og 7. gr. laga nr. 21/1969, sbr. ennfremur lög nr. 81/1952, og 6. gr. nefndrar reglugerðar nr. 189/1972, sbr. lög nr. 44/1948, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 30. júlí s.l. var varðskipið Albert á eftirlitsferð í Faxaflóa og kom þá að m/b Gróttu, AK 101, þar sem hann var að

veiðum með botnvörpu. Skipherra varðskipsins var Þorvaldur Birgir Axelsson, Hraunbæ 38 hér í borg. Segir hann í skýrslu sinni um afskipti varðskipsins af bátnum á þessa leið:

„Kl. 1828 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun.

Bátur:	r/v 218°	fjarl. 4.1 sml.
Lýsuhyrna	—	20.2 —
Stapafell	—	19.6 —

gefur það stað bátsins um 2.3 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Kl. 1834 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun.

Bátur:	r/v 221°5	fjarl. 3.0 sml.
Lýsuhyrna	—	21.0 —
Stapafell	—	19.7 —

gefur það stað bátsins um 2.2 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Kl. 1948 var gerð athugun á færanlegum fjarlægðarhring og miðpunkti ratsjár varðskipsins, og reyndist hvorutveggja rétt.

Kl. 1850 sjást togvírur á stb. hlið bátsins.

Kl. 1852 gerð eftirfarandi staðarákvörðun við bátinn, sem reyndist vera Gróttu, AK-101.

Lýsuhyrna	fjarl. 23.2 sml.
Stapafell	— 20.2 —

gefur það stað bátsins um 2.0 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Kl. 1845 kallað yfir í Gróttu, AK-101, og gefin skipun um að hifa strax og bíða síðan nánari fyrirmæla frá varðskipinu, sem heldur að næsta bát.

Kl. 1913 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á m/b Gróttu, er skipverjar voru að innbyrða vörpuna.

Bátur:	r/v 002°	fjarl. 1.4 sml.
Lýsuhyrna	—	24.5 —
Stapafell	—	21.0 —

gefur það stað bátsins um 1.4 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Um kl. 2013 settur út bátur frá varðskipinu til að sækja skipstjórnann á Gróttu. Aðspurður kvaðst hann hafa verið að togveiðum, en haldið sig vera utan fiskveiðitakmarkanna, voru honum sýndar mælingar varðskipsins.

Kl. 2112 var skipstjóri fluttur um borð í bát sinn, eftir að ákveðið var samkvæmt fyrirmælum að halda til Reykjavíkur.

Mælingar voru gerðar með K.H. ratsjá og SPERRY gyróátta-

vita af 1. og 2. stm. undir umsjón skipherra og skráðar niður af loftskeytamanni.

Veður: Kul, skýjað.“

Skýrslu þessa hefur skipherrann staðfest fyrir dómi. Var skipherrann við stjórn varðskipsins og fylgdist með m/b Gróttu og fleiri bátum, sem voru á svipuðum slóðum. Skipherrann framkvæmdi ekki mælingarnar sjálfur, en fylgdist með því, að þær voru gerðar.

Hálf dán Henrysson, fyrsti stýrimaður á Albert, Vesturbergi 100, og Arnbjörn Ólafsson, annar stýrimaður á varðskipinu, Hverfisgötu 58, báðir hér í borg, hafa komið fyrir dóm og staðfest efni greindrar skýrslu skipherrans. Gerði Hálf dán allar mælingarnar, en Arnbjörn yfirfór þær og athugaði samtímis.

Ákærði var skipstjóri á m/b Gróttu, AK 101, í þetta skipti. Hann hefur viðurkennt að hafa verið að togveiðum. Hann hefur hins vegar dregið í efa, að mælingar varðskipsmanna séu réttar, og telur þá hafa lakari tæki til mælinga en hann. Þá taldi hann varðskipsmenn hafa notað óheppilegri staði til viðmiðunar, þar sem staðirnir séu óþarflega nálægt hvor öðrum.

Ákærði hóf veiðiferðina frá Akranesi um klukkan 1400 greindan dag. Byrjaði hann að toga, þegar 36.5 sml voru í Akrafjall og 24 sml í Stapa. Þar kastaði hann og togaði í rúma klukkustund og 3 sml á klukkustund. Þegar varðskipið kom að, gerði ákærði staðarákvörðun. Voru þá 38 sml í Hafnarfjall og 20.3 sml í Stapafell. Dýptin var 90 faðmar. Samkvæmt þessari mælingu taldi ákærði sig vera á landhelgislinunni, og ætlaðist hann til þess, að hann væri utan hennar. Ekki ritaði ákærði staðarákvarðanir sínar niður, en taldi sig muna þær glögglega.

Dómurinn kvaddi þá Benedikt Hans Alfonsson stýrimannaskólakennara, Vatnsholti 8 hér í borg, og Harald Sigurðsson deildarverkfræðing, Miðvangi 159 í Hafnarfirði, til að rannsaka ratsjá og gyroáttavita varðskipsins Alberts og ratsjá m/b Gróttu, AK 101. Í skýrslu þeirra segir svo um athuganir í varðskipinu: „Athuganir á fjarlægðarmælihæfni ratsjár vs ALBERT leiddu í ljós, að allar mælingar sýndu frávik í þá átt, að mæligildi voru allt að 2% stærri en sömu fjarlægðir reyndust, er þær voru mældar í sjökorti. Mælingar þessar voru gerðar með notkun „lausu fjarlægðarhringsins.“ Samanburður á „lausum hring“ og „föstum fjarlægðarhringum“ sýndu samsvarandi frávik. Ratsjain starfaði að öðru leyti eðlilega, og var myndin skýr og góð.

Athugun á gyroáttavita vs ALBERT leiddi í ljós, að aflestur

gráðukvarða gaf einni gráðu hærrí aflestur en samsvarandi gildi í sjókorti. Þegar höfð er hliðsjón af mögulegri aflestrarnákvæmni gyrovísunar á ratsjárskermínum, er óvarlegt að áætla hana meiri en ± 1 gráðu. Af framansögðu leiðir, að vísunarskekkja getur orðið allt frá 0 gráðum í 2 gráðum of há.“

Um athugun þeirra á ratsjá m/b Gróttu, AK 101, segir svo: „Athugun á Decca-RM916 ratsjá mb Gróttu, AK 101, sýndi frávik allt að 3% í þá átt, að mæld gildi voru minni en sömu fjarlægðir mældar í sjókorti. Ratsjain starfaði að öðru leyti eðlilega, og var myndin skýr og góð.“

Þeir Benedikt Hans og Haraldur komu fyrir dómínn og staðfestu skýrslu sína með eiði. Voru um leið lagðar fyrir þá nokkrar spurningar.

Þeir upplýstu, að mæliskekkja sú, sem fram kæmi á radar varðskípsíns, mundi vera ákærða í óhag, ef hún yrði leiðrétt, og hefði varðskípið þá mælt bátínn ínnar í landhelgi, en staðsetning m/b Gróttu hefði verið utar, ef mæliskekkjan á radar bátsíns hefði verið leiðrétt.

Báðir tóku þeir Benedikt Hans og Haraldur fram, að mæliskekkjurnar á radartækjum skipanna væru ekki af meiri stærðargráðu en vænta megi almennt af slíkum tækjum.

Með fjórum staðarákvörðunum varðskípsmanna, sem þeir hafa staðfest með eiði fyrir dómi, svo sem frá var greint, þykir þrátt fyrir framburð ákærða sannað, að m/b Gróttu, AK 101, hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í Faxaflóa á svæði, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1971, sbr. lög nr. 89/1971, lög nr. 101/1972 og nú bráðabirgðalög nr. 74 26. júní 1973. Hefur ákærði því gerst sekur um háttsemi þá og brot gegn lagagreinum þeim, sem í ákæru greinir.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 31. júlí s.l., jafngilda nú 100 gullkrónur 5.089,50 krónum. Stærð m/b Gróttu, AK 101, er 184,48 brúttórúmllestir.

Þykir ákærði hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og 7. gr., nú 1. mgr. 5. gr. og 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. og 7. gr. laga nr. 21/1969, sbr. einnig lög nr. 81/1952 og 6. gr. reglugerðar nr. 189/1972, sbr. lög nr. 44/1948.

Ákærði hefur aldrei fyrr sætt kærurn eða refsingurn, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af stærð skípsíns og gullgengi íslenskrar krónu ákveðin 55 þúsund króna sekt til Land-

helgissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 4. gr., nú 5. gr., laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, ber einnig að gera afla og veiðarfæri m/b Gróttu, AK 101, upptæk til handa Landhelgissjóði.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Einar Sveinsson, greiði 55 þúsund króna sekt til Landhelgissjóðs, en sæti varðhaldi 30 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri m/b Gróttu, AK 101, skulu vera upptæk og eign Landhelgissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
